

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. febrúar 1988.

F.h.r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 31

2. febrúar 1982 með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. orðist þannig:

Fyrir hverja húseign í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja skal árlega greiða vatnsskatt. Þó skal gjald þetta ekki innheimt fyrr en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.

2. gr.

2. gr. orðist þannig:

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum:

- a) Taxti V1 — heimili. Fastagjald kr. 1 959,00 á ári.
- b) Taxti V2 — fiskverkun. Fastagjald 0,3% af fasteignamati. Þó verði lágmarksgjald kr. 8,13 á m³ húss og hámarksgjald kr. 16,26 á m³ húss.
- c) Taxti V3 — fiskimjölsverksmiðjur. Fastagjald 0,3% af fasteignamati, þó verði lágmarksgjald 8,13 á m³ húss og hámarksgjald kr. 16,26 á m³ húss.
- d) Taxti V4 — annað. Fastagjald 0,15% af fasteignamati, þó verði lágmarksgjald kr. 4,06 á m³ húss og hámarksgjald kr. 8,13 á m³ húss.

3. gr.

3. gr. orðist þannig:

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) og skal notandi greiða kr. 23,75 fyrir hvern rúmmetra vatns. Notkunargjald þetta innheimtir Rafveita Vestmannaeyja á tveggja mánaða fresti og annast mælaaflestur.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Vestmannaeyja staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.